

Próunarsjóður grunnskóla í Garðabæ

Lokaskýrsla verkefnis 2022-2023

Stafræn tækni og textílmennt- frá hugmynd til afurðar

Markmið /verkefnið í hnotskurn:

Markmið verkefnisins var að skapa rými þar sem nemendur fengju tækifæri til að láta sköpunargleðina njóta sín, þeir lærðu að nota Cricut Maker* og kynntust ýmsum efnum, verkfærum, tólum, tækjum og tækni. Sameinaðar voru tæknilegar framleiðsluaðferðir og sköpunarhæfni, hlúð að hugviti og lausnaleit. Sett upp var smiðja í 7. bekk þar sem áhersla var lögð á samþættingu stafrænnar tækni og textílmenntar.

Ýmsir fjölbreyttir og skemmtilegir möguleikar eru í boði til að samþætta stafræna tækni og handverkið á skapandi hátt. Í Hofsstaðaskóla erum við farin að huga að breyttum áherslum og að því að þróa vinnu með nemendum sem taka mið af nýtingu tækninnar. Nútíma tækni í textíl í bland við hefðbundnar aðferðir er það sem við viljum efla á komandi árum.

Lýsing á framgangi verkefnisins:

Unnið var að undirbúningi verkefnisins áður en styrkur fékkst. Kennsluráðgjafi og textílmenntakennari fóru í hugmyndavinnu og nýttu tímann til að afla þekkingar og þróa og prófa Cricut vélina. Í framhaldi var unnið að kennsluáætlun í smiðju fyrir 7. bekk. Prófað var í einn vetur að innleiða kennsluna í smiðju til að fá tilfinningu fyrir hvers konar kennsluaðferðir og leiðbeiningar myndu nýtast best. Í framhaldi var útbúinn vefur <https://cricut.gbrskoli.is/> þar sem birt er kennsluáætlun, kennsluleiðbeiningar og kennslumyndbönd sem ætluð eru nemendum og kennurum til stuðnings. Í upphafi skólaárs 2022 var kennurum boðið á örnámskeið á starfsdegi. Smiðjan var kennd skólaárið 2022-2023 af nýjum kennara sem sótti örnámskeiðið og naut stuðnings verkefnastjóra.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:

Verkefnið gekk mjög vel og allar áætlanir stóðust varðandi það að koma smiðjunni í gang, gera vef og koma þar inn þeim upplýsingum sem þurfti. Hins vegar kom snemma í ljós að gerð kennslumyndbanda er tímafrek og þörf er á fleiri myndböndum í tengslum við notkun á Cricut vélinni. Á vorönn þurfti að fella niður notkun á Cricut í smiðjunni vegna myglu í skólanum og loka þurfti textílmenntastofunni. Stefnt er að því strax á haustönn að fara yfir búnaðinn og kaupa inn það sem þarf og hefja kennslu að nýju.

Mat á verkefninu (afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf, óvæntar hliðarverkanir, vonbrigði o.s.frv.):

Mikil ánægja var með verkefnið hjá nemendum og kennurum. Nemendur voru áhugasamir og stoltir þegar þeir unnu að eigin hönnun og útfærslu verkefna.

Ávinningur fyrir skólastarf er að nemendur læra lausnamiðaða og skapandi hugsun sem þeir geta nýtt sér í náminu þvert á greinar. Miðað við aukna umræðu um mikilvægi skapandi hugsunar í samfélaginu og

tilkomu hennar í aðalnámskrá grunnskóla teljum við þetta verðugt viðfangsefni fyrir kennara skólans til að auka enn frekar sköpun í skólastarfi Hofsstaðaskóla. Einnig kom í ljós að með breyttum áherslum og tilkomu tækninnar náði textílmenntin til hóps sem hafði lítinn áhuga t.d. ákveðin hóps drengja. Því viljum við halda áfram með verkefnið og útbúa fleiri kennslumyndbönd sem gera nemendum kleift að verða sjálfstæðari í vinnubrögðum. Áherslan flyst frá kennaranum og gerir nemandann virkari í kennslustundinni.

Kynningar á verkefninu:

Haldið var örnámskeið fyrir kennara á starfsdegi haustið 2022. Markmiðið er að bjóða aftur upp á sambærilegt námskeið fyrir starfsfólk skólans. Stefnt er að því að kynna verkefnið á Menntadegi leik- og grunnskóla Garðabæjar haustið 2023. Vefurinn er aðgengilegur öllum og þar er hægt að kynna sér verkefnið ítarlega **Vefslóð** : <http://cricut.gbrskoli.is>

Heildarupphæð styrks:

Sundurliðun á ráðstöfun styrksins:

Dagsetning	Kostnaðarliður	Upphæð
16. mars 2023	Verkefnastjórn, gerð kennsluáætlunar, vinna við kennsluleiðbeiningar, kennslumyndbanda og uppsetning á vef.	846.000 kr.

27/3 '23 Elisabet K. Benedíksdóttir Bestur Jensdóttir
dags. nafn verkefnisstjóra

Hafdis B. Kousm. 27.3.2023
dags. nafn skólastjóra ábyrgðarskóla